



Fréttatilkynning
frá
skrifstofu forseta Íslands

FORSETI TEKUR VIÐ VERÐLAUNUM Í NEW YORK

Forseti Íslands Ólafur Ragnar Grímsson tók í gær, sunnudaginn 23. september, við verðlaunum fyrir forystu á alþjóðavettvangi í baráttunni gegn loftslagsbreytingum og fyrir að stuðla að nýrri sýn á nýtingu hreinnar orku víða um heim.

Verðlaunin eru veitt af Louise T. Blouin stofnuninni sem sett var á laggirnar fyrir fáeinum árum og efnir árlega til leiðtogafundar í New York sem helgaður er þörfinni á nýrri forystu í alþjóðamálum – Global Creative Leadership Summit. Verðlaunin voru veitt í hátíðarkvöldverði leiðtogafundarins en þau hafa áður hlotið m.a. William Jefferson Clinton fyrrverandi forseti Bandaríkjanna og Abdullah II konungur Jórdaníu. Í gærkvöldi afhentu Louise T. Blouin og Elie Wiesel handhafi Friðarverðlauna Nóbels forseta Íslands verðlaunin.

Leiðtogafundinn í New York sækir fjöldi stjórnenda alþjóðastofnana, forystumenn ýmissa ríkja, vísindamenn og sérfræðingar sem og áhrifafólk á vettvangi fjölmiðla og lista.

Á fundinum í gær tók forseti Íslands þátt í hringborðsumræðum um ný viðhorf til loftslagsbreytinga og hvernig unnt er að virkja almenning og fyrirtæki í þeirri baráttu. Þá var einnig fjallað um baráttuna gegn fátækt í Afríku og tækifærin sem ný tækni skapar í þeim efnum. Forseti Malaví var málshefjandi á þeim hluta fundarins. Auk þess verður á málstofum ráðstefnunnar fjallað um stöðuna í Mið-Austurlöndum, áhrif alþjóðavæðingar á viðskipti og borgarsamfélag og breytingar í skólum og á menntakerfi sem ætlað er að búa nýjar kynslóðir betur undir að takast á við vandamál í nýjum heimi.

24. september 2007

Nánari upplýsingar um ferð forseta til Bandaríkjanna veita Örnólfur Thorsson forsetaritari (896 3028), Árni Sigurjónsson skrifstofustjóri (820 4946) og skrifstofa forseta Íslands (540 4400). Myndir frá verðlaunaveitingunni má nálgast á heimasíðu embættisins.